

84. Frumvarp

til laga um einkasölu á lyfjum.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema landsstjórnin flytja hingað frá út-
löndum neina tegund af lyfjum, umbúðum og þeim hjúkrunargögnum, er
talin verða í lyfsöluskránni, og sker landsstjórnin sjálf úr því, ef ágreiningur
ris, hvaða vörur heyri hjer undir og hverjar ekki.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs
lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, ef eigi er, að áliti lögreglustjóra, um meira
að ræða en svo, að það sje hæfilegur forði handa skipverjum og farþegum.
Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 12. gr. Þegar
sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er
heimilt að greiða verð fyrir vörurnar, ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið
að flytja þær hjer á land.

2. gr.

Vörur þær, er landsstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún
lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, en eigi öðrum. Um sölu á
þessum vörum setur landsstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það sje, sem þarf til verslunarreksturs þess, er um ræðir í 1. og 2. gr.,
leggur ríkissjóður fram, og er landsstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Landsstjórnin skipar mann til að veita verslun þessari forstöðu og
ákveður laun hans. Hann skal hafa lyfsalapróf. Hann hefur einnig á hendi
eftirlitið með öllum lyfjabúðum landsins. Nánari reglur um starfssvið hans
verða settar í erindisbrjefi, er ráðherra gefur út.

5. gr.

Ráðherra skipar 2 menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikn-
inga verslunarinnar og fær þeim erindisbrjef.

6. gr.

Í reglugerðum þeim, er getur í annari grein, kveður landsstjórnin á um,

hvernig fara skuli um þær birgðir af lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum, sem fyrir hendi kunna að vera hjer á landi, þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í rikissjóð eða hvort þær skuli teknar eignar-námi

7. gr.

Verslunin skal leggja hæfilegt hundraðsalag á vörur þær, er hjer um ræðir, þó aldrei yfir 50 af hundraði, álagningu þessa skal miða við verð vör-unnar, kominnar í hús hjer á landi, án tolls.

8. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og innflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um, á þeim stað, er varan fyrst er flutt á land, og á þann hátt og á þeim tíma, sem skattalög mæla fyrir. Tollar og innflutnings-gjöld endurgreiðast henni svo af lyfsölum og læknum, er við hana skifta, enda eru þau gjöld innifalin í verðinu til þeirra.

9. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í rikissjóð og telst með tekjum hans. Landsstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltuljár- og varasjóð.

10. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nægan forða fyrirbyggjandi í Reykjavík. Kostnað af sendingu varnings innanlands greiða viðskiftamenn verslunarinnar. Þantaðar vörur getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörð-unarstaðar.

11. gr.

Landsstjórnin setur útsöluverð á vörur þær, er um ræðir í lögum þessum.

12. gr.

Brot gegn þessum lögum varða sektum alt að 10.000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess eru vörur þær, sem inn eru fluttar í heimildarleysi, upptækar, og skal afhenda þær versluninni til ráðstöf-unar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í rikissjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Framangreint lagafrumvarp er komið frá landlækni og samið af honum. Hefir hann gjört um það svofeldar athugasemdir:

Lyfjaverslunin er ótvirætt eitt mikilvægasta atriðið i heilbrigðismálefnum þjóðarinnar. Liggur það i augum uppi, að hjer riður um fram alt á því að tryggja sjer það sem allra best, að öll lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, sem flutt eru inn i landið, sjeu óskemdar vörur og ósviknar, að jafnan sjeu til nægar birgðir af þeim vörum hjá lyfsölum og læknum, og þær seldar almenníngi við hæfilegu verði, svo að enginn óhæfilegur ágóði af þeirri verslun renni i vasa einstakra manna.

Nú er því svo háttað, að síðan styrjöldin hófst hefur veitt mjög örðugt að afla ýmsra þeirra nauðsynja, sem hjer tilheyra, og jeg hef smám saman orðið þess var, að vörugæðin eru heldur ekki eins ábyggileg og áður gerðist.

Því er það og að ýmsir menn hafa haft orð á því, að ríkið ætti að taka alla lyfjaverslunina i sínar hendur, og þá átt við það, að ríkið skyldi eignast allar lyfjabúðir landsins og reka þær á sinn kostnað.

En þessu get jeg ekki verið samþykkur, og það af þeim ástæðum, er nú skal greina: Lyfjabúðir landsins eru nú orðnar 9 að tölu, 2 i Reykjavík og ein á hverjum af þessum stöðum: Hafnarfirði, Eyrarbakka, Vestmannaeyjum, Seyðisfirði, Akureyri, Ísafirði, Stykkishólmi. Vona jeg að þess verði ekki langt að biða, að þeim fjölgi, því sú nauðsyn er brýn i öllum stærri kaптúnunum; má gera ráð fyrir, að lyfjabúð muni innan skamms geta þrifist t. d. á Siglufirði og Skipaskaga. En flestar af þessum lyfjabúðum eru litlar og geta því aðeins þrifist vel, ef lyfsali verslar líka með ýmsan annan varning en lyf, umbúðir og hjúkrunargögn, og þá einkum alls konar kryddvörur, fegurðarvörur, tóbak og fl., sem alltítt er að selja i lyfjabúðum bæði hjer og annarsstaðar. Verð jeg að telja það mesta hættuspil fyrir ríkið að fara að vasast i þesskonar atvinnurekstri, smásöluverslun, enda þyrfti ríkið á stórfje að halda, ef það ætti að taka allar lyfjabúðir landsins eignarnámi og reka þær á sinn kostnað, og að minni ætlun mundi sá rekstur aldrei bera sig vel.

Hins vegar er það, eins og hjer háttar til, afarerfitt að tryggja sjer það, að þær vörur, sem lyfsalar flytja inn, sjeu jafnan ósviknar og óskemdar og i alla staði svo vandaðar, sem vera ber. Og jafnframt leikur ætið svo mikill vafi á um innkaupsverð þeirra, að það er mjög svo erfitt fyrir heilbrigðisstjórn landsins að ákveða útsöluverð lyfja, svo að hvorugt vilji til, að þröngvað sje hag lyfsala eða þeim ætlaður óþarflega mikill ágóði.

Af þessum ástæðum hef jeg komist að þeirri niðurstöðu, að það horfi þjóðinni i alla staði ótvirætt til heilla, að ríkið taki i sínar hendur allan innflutning og alla stórsölu á lyfjum, umbúðum og hjúkrunargögnum.

Mjer er kunnugt, að landsstjórnin hafði þegar i hyggju að fara þannig með alt áfengi, sem ætlað er til lækninga; hef jeg átt kost á að sjá það frumvarp, og hef jeg i þessu frumvarpsuppkasti um einkasölu á lyfjum farið nákvæmlega eftir frumvarpi stjórnarinnar um einkasölu á tóbaki og áfengi.

Nú mun verða spurt, hversu miklu sá innflutningur nemi, sem hjer um ræðir. En úr því verður ekki leyst að svo stöddu með neinni vissu. Jeg hef að visu í sumar skoðað allar lyfjabúðir landsins og átt tal við lyfsalana um innflutning þeirra og eftir þeim upplýsingum, sem jeg hef getað fengið, má búast við að lyfsalar og læknar myndu kaupa lyf, umbúðir og hjúkrunargögn árlega fyrir $\frac{3}{4}$ til 1 milljón króna, þar í auðvitað talið það áfengi, sem fer til læknisnotkunar.

Þessi verslun ætti því óefað að geta orðið til hagnaðar fyrir rikissjóð, án þess að hækka þyrfti útsöluverð á lyfjum. Ber margt til þess: 1) Þegar allar þessar nauðsynjar þjóðarinnar verða keyptar í einu lagi, ætti títt að mega komast að betri kaupum, en nú er unt fyrir hvern einstakan lyfsala. 2) Í sambandi við verslunina ætti að sjálfsgöðu að hafa stóra og vandaða efnavinnustofu og mætti þar búa til margar þær samsetningar, sem nú eru keyptar tilbúnar frá útlöndum og hafa hagnað af. 3) Þá er það og stór hagur fyrir lyfsala hjer að geta birgt sig upp smátt og smátt eftir þörfum, þurfa ekki að liggja með líkt því eins miklar vörubirgðir, eins og nú tíðkast. Þá er að geta þess, að allir hjeraðslæknar og aðrir læknar, sem lyf selja, mundu að sjálfsgöðu kaupa lyf sín hjá rikisversluninni, sjer til nokkurs hagnaðar, en þó ekki mikils í mist fyrir lyfsala, því að þeir hafa minst af tekjum sínum upp úr stórsölu sinni til hjeraðslækna.

Þá er það hugsun mín, að öllum lyfsölum verði gert að skyldu að halda nákvæmar reikningsbækur, líkt því sem heimtað er í Danmörku, svo að jafnan megí sjá, hvernig hver lyfjabúð beri sig, hver ársarðurinn er.

Jeg verð sem sje að taka það skýrt fram, að það er mjög áriðandi að lyfjabúðirnar geti borið sig vel, að lyfsalar hafi góðan arð af allri verslun sinni; það er besta tryggingin fyrir því, að lyfsalar stundi starf sitt af fylstu alúð og samviskusemi, og því aðeins er unt að gera strangar kröfur til lyfsalanna, ef starf þeirra borgar sig vel.

Nú veit jeg að orð hefur leikið á því, að ýmsir lyfsalar hafi haft óþarflega mikinn ágóða af atvinnu sinni, en jeg get ekki sagt að sú tilgáta sje á rökum bygð. Hins vegar er auðsætt, að verði heimtað nákvæmt reikningshald af öllum lyfjabúðum og fái þær mestallan varning sinn frá þeirri landsverslun, sem hjer er farið fram á, svo að jafnan verði fullkunnugt innkaupsverð þeirra, þá verður líka auðvelt fyrir heilbrigðisstjórnina að rata rjett meðalhóf í samningu lyfsöluskrár þeirrar, sem árlega er sett og ákveður útsöluverð lyfja.

Það kann að verða sagt, að sje útsöluverðið miðað við þarfir minni lyfjabúðanna, þá muni þær stærri fá óþarflega mikinn ágóða; reynslan ein getur skorið úr því, og komi slikt í ljós, er hægur um hönd að heimta þá eitthvert árgjald af ágóða lyfjabúðanna, líkt og nú tíðkast í Danmörku.

Um einstakar greinar írúmvarpsins þarf nú fátt að segja, með því að jeg get vísað til frumvarps stjórnarinnar um einkasölu á tóbaki og áfengi.

Um 1. gr.

Auk lyfja eru hjer teknar »umbúðir« og »hjúkrunargögn«; það eru nauðsynjavörur fyrir sjúklinga engu síður en lyfin, og list mjer því rjett og nauðsynlegt, að sömu lög gildi um þetta þrent.

Um 4. gr.

Sá maður, sem á að standa fyrir þessari verslun, vera *lyfsölustjóri*, verður, að sjálfsögðu að hafa lyfsalapróf og fulla reynslu sem lyfsali. Ætlast jeg til að þeim manni verði einnig falið eftirlitið með öllum lyfjabúðum landsins. Er það nú orðin föst venja í öðrum löndum, þar sem best gegnir, að fela mönnum með lyfsalament það mjög svo áriðandi eftirlitsstarf. Ætlast jeg til að öll ákvæði þar að lútandi verði sett í erindisbrjef lyfsölustjóra.

Um 11. gr.

Það er sjálfsagt að gefa út lyfsöluskrá: ákveða útsöluverð á lyfjum árlega eins og tíðkast hefur. En mjer virðist best fara á því, að landsstjórnin ákveði einnig útsöluverðið á umbúðum og hjúkrunargögnum, og verði þessi söluskrá í heild sinni samin og sett eftir tillögum lyfsölustjóra, en landlæknir yfirráðanautur stjórnarinnar í þeim sem öðrum heilbrigðismálum.

Mjer virðist ekki þörf á frekari athugasemdum við aðrar greinar í þessu frumvarpsuppkasti, með því að þær eru sniðnar eftir frumvarpi stjórnarinnar, sem fyr var getið.

Með því að ráðuneytið hefir fallist á frumvarpið og ástæður þær, er það er á bygt, er það hjér með framborið með tilvísun til hinna tilfærðu athugasemda.